



Borðtennissamband Íslands
The Icelandic Table Tennis Association
Íþróttamiðstöðinni Laugardal
104 Reykjavík
Fax: +354 588 8848

Member of:
The Nordic Table Tennis Federation NTTF
The European Table Tennis Union ETTU
The International Table Tennis Federation ITTF

Fundargerð ársþings Borðtennissambands Íslands 2026

Ársþing Borðtennissambands Íslands 2026 fór fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 10. maí 2026 kl. 13.

Dagskrá þingsins er:

- 1) Þingsetning.
- 2) Kjör fundarstjóra og fundarritara.
- 3) Staðfesta lögmæti fundarins.
- 4) Kosning kjörbréfanefndar.
- 5) Fara yfir fundargerð síðasta þings.
- 6) Afhending viðurkenninga.
- 7) Ávörp gesta.
- 8) Fráfarandi stjórn gefur skýrslu.
- 9) Reikningar sambandsins lagðir fram (með álitni skoðunarmanna).
- 10) Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.
- 11) Reikningar bornir undir atkvæði.
- 12) Fjárhagsáætlun.
- 13) Lagabreytingar.
- 14) Umræður og afgreiðsla á tillögum sem þinginu hafa borist.
- 15) Kosning stjórnar og varamanna.
- 16) Kosning skoðunarmanna reikninga.
- 17) Val fulltrúa á íþróttþing.
- 18) Önnur mál.
- 19) Ræða formanns.
- 20) Þingslit.

Fundargerð

- 1) Þingsetning. Auður Tinna Aðalbjarnardóttir formaður setur þingið. Nefnir að streymi sé frá fundinum á YouTube síðu sambandsins. Fer yfir dagskrá þingsins.
- 2) Kjör fundarstjóra og fundarritara. Auður stingur upp á Steáni Ingvari Vigfússyni sem fundarstjóra og Sigurjóni Ólafssyni sem fundarritara, það er samþykkt samhljóða.
- 3) Staðfesta lögmæti fundarins. Fundarstjóri tekur við, samþykkt samhljóða.

- 4) Fundarstjóri biður um tilnefningar fyrir einstaklinga í kjörbréfanefnd. Tilnefningar eru: Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson, Pétur Stephensen og Ásta Urbancic. Samþykkt samhljóða.
- 5) Fara yfir fundargerð síðasta þings. Fundarstjóri vísar til þess að fundargerðin hafi verið aðgengileg á vef sambandsins frá því í maí í fyrra. Engar athugasemdir gerðar við hana og hún staðfest.
- 6) Kjörbréfanefnd lokið störfum, Pétur er formaður í nefndinni. Hann stígur í pontu. 15 fulltrúar eru á þinginu. Tveir á lista sem eru ekki mættir, Bjarni Þ. Bjarnason og Guðmundur Stephensen. Ekki öll félög eru að fullnýta sinn fulltrúafjölda.
- 7) Ávörp gesta. Fundarstjóri mætir í pontu og býður Kára Mímisson, sem situr í stjórn ÍSÍ, orðið. Færir kveðjur frá stjórn ÍSÍ og starfsfólki. Nefnir að það sé mikið í gangi m.a. nýr vefur, stefnumótunarvinna og Hjólað í vinnuna. Minnst Árna Siemsen sem féll frá fyrir viku, alþjóðlegur dómari og dæmdi víða erlendis og innanlands. Sat lengi í stjórn BTÍ. Spilaði óhefðbundinn borðtennis. Fundarmenn rísa úr sætum og minnst hans.
- 8) Afhending viðurkenninga. Auður fær orðið. Stendur til að veita fimm viðurkenningar. Einn iðkandi komst ekki í dag en það er Kristján Aðalbjörn Jónasson eða Stjáni. Merk tímamót hjá honum að það eru 30 frá því að hann hóf samfellda þjálfun fatlaðra í borðtennis. Mikilvægt starf fyrir iðkendur meðal fatlaðra. Keppt í Íslandsmótinu í borðtennis í 50 ár. Auður afhendir merkið á æfingu í vikunni. Hlökkver Steini Hlökkversson, var í 8 ár í stjórn BTÍ, tók ársblé og svo formaður borðtennisdeildar KR árið eftir og æ síðan. Verið mjög duglegur að stýra mótamálum. Verið til fyrirmyndar frá því að vera leikmaður yfir í að vera stjórnandi. Fær silfurmerki BTÍ. Stjórn vill veita silfurmerki til Finns Hrafns Jónssonar fyrir óeigingjant starf við ljósmyndun á mótum, frábær borðtennismaður og góður félagi. Sigurjón Ólafsson hlaut silfurmerki fyrir sitt starf í í stjórn BTÍ síðustu fjögur ár auk þess að sitja í mótanefnd og með sinni sérþekkingu stuðlað að því að koma upp öflugum vef fyrir BTÍ og sinna honum með Ástu ritsjóra vefsins. Að síðustu var Auði Tinnu veitt gullmerki BTÍ en hún var kjörin formaður BTÍ árið 2022 en þá var hún fyrsta konan til að vera kjörin formaður BTÍ í 50 ára sögu sambandsins. Áður hafði hún starfað sem borðtennisþjálfari hjá Borðtennisdeild KR í 15 ár, þar á meðal sem þjálfari stúlknaflökka og yfirþjálfari deildarinnar. Auður sat áður í stjórn sem ritari sambandsins á árunum 2016-2020 og sat auk þess í útbreiðslunefnd 2020-2022. Hún er einnig í fámenum hópi sem hefur hlotið réttindi sem alþjóðadómari og lagt sitt af mörkum til að auka fagmennsku í dómarastörfum í borðtennis. Auður Tinna hefur lagt mikla áherslu á útbreiðslu íþróttarinnar í sinni formannstíð þar sem hefur náðst merkilegur árangur en á síðustu árum hefur orðið mikil fjölgun félaga um allt land þar sem borðtennis er stundaður.
- 9) Fráfarandi stjórn gefur skýrslu. Ársskýrslan var gefin út á vefnum í gær. Auður fer yfir skýrslu stjórnar frá maí 2025 til maí 2026 sem var birt á skjánum og er aðgengileg á bordtennis.is. Stefán Ingvar Vigfússon vann skýrsluna að þessu sinni en hann er starfsmaður félagsins í hlutastarfi og fyrrverandi borðtennismaður. Virkni á samfélagsmiðlum hefur verið aukin m.a. á TikTok og Instagram auk Facebook. Upptökum af mótum hefur verið fjölgað og þær birtar í streymi og vistaðar á Youtube. Mikil virkni á Vestfjörðum á árinu í krafti 1 mkr. styrks og góðra samstarfsmanna þar. Ánægjulegt að Íslandsmót fatlaðra hafi farið inn á styrkleikalista BTÍ í fyrsta sinn í ár. Áframhaldandi fjölgun landsdómara og sjö þjálfarar luku verklegum hluta ITTF level 1 þjálfaranámsins. Í fyrsta sinn var keppt í fjórðu deild karla vegna fjölgunar liða – norðurriðill og suðurriðill. Ánægja með ráðningu landsliðsþjálfara og aðstoðarlandsliðsþjálfara.
- 10) Reikningar sambandsins lagðir fram. Már Mixa gjaldkeri kynnir fjármál og reikninga BTÍ. Rekstrartekjur 2025 aukist sérstaklega með fjármunum úr afrekssjóði upp á 4,2 mkr. Einnig framlag úr ungmennalandssjóði og meiri peningar komið frá Lottó. Auður fór nánar yfir hlutverk ungmennalandssjóðs. Iðkendum fjölgaði um 26% í Ablers/skilakerfi ÍSÍ milli 2024 og 2025 vegna átaks í skráningum og því fengust hærri greiðslur. Stjórnvöld veittu meiri pening í afrekssjóð. Útbreiðslukostnaður, beinn kostnaður við ferðir út á land er hóflegur. Aukinn kostnaður hefur verið vegna landsliðsmála. Hagnaður varð af starfseminni upp á 1,4 mkr. Áætlun fyrir 2026 er

hófleg hækkun á tekjum. Meiri kraftur hefur verið lagður í landsliðið og fjármagn hækkað í 15 mkr. Gjöld eru áætluð 23 mkr. Og þá má búast við að tap verði 0,8 mkr árið 2026. Kári útskýrir breytingar á úthlutun sjóða frá ÍSÍ. Útbreiðslustyrkur heldur ekki áfram en verður hluti af Lottó. Útfærsla á ungmennalandssjóði er líkleg til að breytast, færi þá inn í afreksmannasjóð en ekki ákveðið.

- 11) Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins. Fundarstjóri opnar á umræðu. Pétur spyr um áætlun fyrir landsliðsverkefni á næsta ári. Jóhann Ingi Benediktsson stjórnarmaður og formaður landsliðsnefndar nefnir í byrjun að fá sem flesta á fund með Sindre landsliðsþjálfara næsta laugardag kl. 13 til að hitta þjálfara og félögin. Varðandi landsliðsverkefni A landsliðs, WTTF mótin hafa flækt myndina, eru mjög kostnaðarsöm og yfirleitt útsláttarmót. En jákvætt að fleiri þjóðir eru að fara á opin mót eins og Finlandia Open. Mót sem gilda á alþjóðlega styrkleikalista. Er stefnt á að senda á Norður Evrópumótið í haust, EM einstaklinga og Finlandia Open. Svo eru Smáþjóðaleikar í Mónakó næsta maí. Ingimar spyr út í hækkun á styrkleikaflokki BTÍ innan ÍSÍ. Auður Tinna tekur fram að túlkunin sé að borðtennis sé ekki liðsþrótt. Kári ekki sáttur við þessa túlkun. Vill að borðtennis sé skilgreind sem liðsþrótt. Vantar einfaldlega árangur en ein af þessum íþróttum þar sem erfiðast er að ná árangri. ITTF stærsta aðildarsambandið. ÍSÍ er að koma með stærstan hluta af fjármagni BTÍ í dag. Hægt að leita í aðra sjóði. Vill sjá sjóðum skipt upp í afrekssjóð og samfélagssjóð. Erfitt verkefni. Örn spyr út í áætlun, telur ekki sjálfbært að skila tapi til lengri tíma. Varðandi ársreikning mikilvægi þess að koma honum fyrir út til skoðunar. Már svarar fyrir þessi atriði. Auður nefnir að það hafi verið góð ávöxtun á fjármagni þar sem Már hafi stýrt því vel. Reikningar teljast samþykktir.
- 12) Lagabreytingar. Auður kynnir. [Berast úr tveimur áttum en sjá má breytingartillögurnar á vef BTÍ.](#) Annars vegar frá stjórn BTÍ og hins vegar frá Kára Mímíssyni. Kári kynnir sínar breytingar sem liggja á vefnum, tekur til baka eina breytingu sem skarast á við tillögu BTÍ. Þarf $\frac{2}{3}$ kjósenda til að þetta samþykkt og var einróma samþykkt. Auður kynnir lagatillögubreytingar stjórnar sem eru nokkrar. Alltaf einhver ruglingur með fjölda fulltrúa á þinginu. Tillaga um einföldun á reglum og sett upp í töflu til útskýringar. Kosið er um tillögurnar í tvennu lagi. Fyrri tillagan er samþykkt samhljóða og sömuleiðis seinni.
- 13) Kosning stjórnar og varamanna. Auður Tinna býður sig áfram til formanns. Er sjálfkjörin. Tveir meðstjórnendur, þarf að greiða atkvæði um. Jóhann býður sig áfram. Sigurjón ætlar ekki að bjóða sig fram en Anne-Andrée Bois býður sig fram og eru þá Jóhann og Anne sjálfkjörin. Varamenn, Rubén Illera Lopez, Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson og Pétur Stephensen bjóða sig áfram fram í varastjórn og eru sjálfkjörnir.
- 14) Skoðunarmenn reikninga. Kristján Örn Eliasson býður sig áfram sem skoðunarmann en það vantar annan skoðunarmann með Kristjáni eftir fráfall Árna Siemsen. Hálfgerð innri endurskoðun á starfseminni eins og Már lýsir hlutverkinu. Örn Þórðarson býður sig fram með Kristjáni. Það er samþykkt.
- 15) Val fulltrúa á íþróttaping. Verkefninu er vísað til stjórnar.
- 16) Önnur mál. Benedikt Aron Jóhannsson. Flytur málið fyrir hönd ungingalandsliðsmanna. Leggja til að hækka aldurshópin U-18 í U-19, gert alls staðar í EM. Getum keppt á EM unginga en ekki Íslandsmóti unginga. Viðkvæmur tími 19-21 ára. Þarf að fá verkefni og markmið fyrir þennan hóp. Getur hækkað standardinn á hópnum sem er betra fyrir alla. Hægt að bæta sig sem leikmaður eftir 19 ára aldur en tækifærin eru fá. Ingimar styður tillöguna heilshugar. Sama segir Pétur. Tillögu vísað til nýrrar stjórnar. Samþykkt samhljóða.

Tillaga Kára um að stofna stýrihóp um félagaskráningu. Kári kemur í pontu og útskýrir tillöguna. Ekki góð staða í skráningarmálum félaga. Auður vísar í samtal við ÍSÍ vorið 2025 um skráningu

einstaklinga á borðtennismót sem sannarlega voru ekki í félagi undir ÍSÍ en ekki með virka borðtennisstarfsemi. Gerðist á BH Open í ár en mun minna 2025-2026 en 2024-2025. Auði líst vel á að stofna stýrihóp. Þarf að vera listi yfir félög sem eru með virka borðtennisstarfsemi. Dæmi af Samherjum í Hrafnagili, voru búin að leggja niður deildina en áttu engu að síður fulltrúa á ársþingi.

Ásta segir mikilvægt að halda utan um borðtennisskráningar. Vísar í UMFÍ mót 2024 þar sem voru tugir skráðir inn á styrkleikalista en hafa ekki virka iðkendur.

Jóhann minnir aftur á fund með Sindre um næstu helgi klukkan 13 á laugardag. Fá inn þjálfara, leikmenn og foreldra.

Rætt um stofnun borðtennisakademíu sem væri viðbót við afreksstarf með stuðningi BTÍ. Getur stutt við þjálfunarmenntunarmál.

Piotr Herman. Segir frá sjónarmiðum BR, gott að skipta upp Íslandsmótinu upp í tvö mót eins og gert var. Halda því skipulagi.

Örn, nefnir deildakeppnina. 4 deildir, ansi viðamikið að spila svo margar deildir. Velta upp að skoða fyrir næsta tímabil að skipuleggja þetta betur, stytta og skipta upp öðruvísi. Getur verið frá 8 um morgun til 21 á kvöldin. Deildin tekur orðið mikinn tíma. Tekur frá öðrum mótum.

Jóhann nefnir að fundur hafi verið haldinn um fyrirkomulagið og að það væri almennt ánægja en mætti prófa 1-2 umferðir sem eru ekki á helgi. Prófa gamla fyrirkomulagið. Líka rætt um að stytta leikina. Skúli tekur til máls og segist ekki vita betur en að það sé mikil ánægja í samanburði við gamla. Auður vísar í keppni hjá Akri í 4. deild þar sem var ánægja með fyrirkomulagið. Margir leikir á leikmann. Benedikt hefur heyrt að þetta séu langir leikir en er sjálfur ekki sammála því. Getur verið max 6 einliðaleikir og 2 tvíliðaleikir. Tómas sammála Benedikt. En sammála Erni að halda tvær deildir á einum degi sem er langur dagur. Kári vísar í að úrslitakeppnin sé alltof stutt miðað við deildakeppni. Guðrún talar um breytinguna sem var gerð varðandi úrslitakeppni til að gera áhorfendavænni og svo breytinguna á þessu tímabili þar sem hún var aðeins lengd. Skiptar skoðanir á þessu sérstaklega eftir kynslóðum. Væri hægt að hafa á tveimur stöðum en sama degi. Pétri fannst úrslitakeppnin takast mjög vel. Finnst að 1. deildin eigi að vera sér, ekki með 2. deild.

Piotr spyr um hvenær skipulag dagsetninga deildakeppni liggur fyrir. Guðrún segir að það sé stefnt að því að ákveða þetta sem fyrst.

17) Fundarstjóri þakkaði fyrir gott þing og málefnalegar umræður.

18) Ræða formanns. Auður þakkar traustið og einróma kosningu. Rifjar upp tillögur frá síðasta þingi og margt gott gerst á undanförmu ári m.a. um að auglýsa eftir fólki í nefndir, fá dómgæslu á hærra plan, einhugur að sinna því áfram, rætt um svokallað leyfisgjald sem leikmenn borga fyrir að taka þátt í tímabilinu.

19) Þingslit. Þingi slitið klukkan 15:33

Fundargerð ritaði Sigurjón Ólafsson.